

---

**From:** benedikt.arnason  
**Sent:** sunnudagur, 25. september 2022 14:49  
**To:** Páll Gunnar Pálsson - SAMK; Valur Þráinsson -SAMK  
**Subject:** Fréttatilkynning - stjórnunar- og eignatengsl - drög  
**Attachments:** Fréttatilkynning - stjórnunar- og eignatengsl - drög 19. september 2022.docx

Sælir Páll Gunnar og Valur

Gerði þá einu breytingu á drögum að fréttatilkynningu að bæta við að skýrslan yrði afhent eigi síðar en 31. desember 2023.

Getur það gengið ykkar vegna að matvælaráðherra gæti upplýst um þessa vinnu á fundi samráðsnefndar um sjávarútvegsstefnu mið 5. október og í kjölfarið yrði gefin út fréttatilkynning?

bkv

Benedikt

MAR

Fréttatilkynning – drög

### **Vinna hafin við kortlagningu stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi**

Á grunni stjórnarsáttmála og annarra áherslna matvælaráðherra vinnur matvælaráðuneytið nú að heildarstefnumótun í sjávarútvegi undir yfirskriftinni Auðlindin okkar. Liður í því starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi.

Markmið matvælaráðherra með kortlagningu á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi eru að stuðla að:

- Gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja
- Upplýstri stefnumótun stjórnvalda um reglumgjörð sjávarútvegs og breytingar á henni
- Því að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum á þessu sviði og að eftirlitsstofnanir geti sinnt hlutverki sínu og átt með sér samstarf.

Eftirlitsstofnanir sem hafa það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi hafa að eigin frumkvæði áformað að efla samstarf á þessu sviði, með það að markmiði að skapa heildstæðari og aðgengilegri yfirsýn yfir stjórnunar- og eignatengsl, nýta betur þekkingu á þessu sviði og styrkja greiningu og nauðsynleg úrræði.

Matvælaráðuneytið hefur gert samning við Samkeppniseftirlitið um að tryggja fjárhagslegt svigrúm til að Samkeppniseftirlitið geti, í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands, ráðist í athugun á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi.

Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning sem tekur að lágmarki til eftirtaldrá þátta:

1. Hún taki til allra sjávarútvegsfyrirtækja sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfiráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.
3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfiráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.
4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.

Framangreind kortlagning verður sett fram í sérstakri skýrslu. Skýrslan verður afhent matvælaráðuneytinu eigi síðar en 31. desember 2023 og verður hún því aðgengileg ráðuneytinu í stefnumótunarvinnu um sjávarútveginn.

Skýrslan mun ekki fjalla um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eða annarra eftirlitsstofnana um frekari athuganir eða íhlutun á grundvelli starfsheimilda eða starfsskyldna samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Hún mun hins vegar nýtast Samkeppniseftirlitinu, Fiskistofu, Skattinum og Seðlabanka Íslands við þekkingaruppbyggingu og við beitingu lagafyrirmæla á viðkomandi sviði.

Við vinnslu skýrslunnar er stefnt að því að mótuð verði upplýsingatækniútgjörð sem nýtist við frekari kortlagningu og eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi almennt.